



## STAÐA MÁLS

Málnr.: **2015-089F026**

Dags: **12. nóvember 2015**

Staður: **Æfingasvæði suður af Hafnarfirði, miðsvæði**

Lýsing: **Brotlenti með þeim afleiðingum að tveir létust**

Staða máls: **Nóvember 2016: Í rannsókn**

Kennari ásamt nemanda á TF-IFC (Tecnam P2002JF) fóru í þjálfunarflug til þess að nemandi öðlaðist kennsluréttindi á þessa tegund flugvélar.

Eftir snertilendingar á Reykjavíkurlugvelli var ákveðið að fara yfir í æfingasvæði suður af Hafnarfirði (Miðsvæði) þar sem meðal annars ofrisæfingar voru fyrirhugaðar. Við rannsóknina hefur komið í ljós að líklegt er að flugvélin hafi spunnið til jarðar.

Í mars og apríl 2016 urðu slys á sömu tegund flugvélar í Póllandi og Ungverjalandi þar sem ummerki benda til þess að flugvélnar hafa einnig spunnið til jarðar. Fulltrúar frá Íslandi, Pólland og Ungverjaland ásamt fulltrúum frá framleiðanda loftfarsins og rannsóknarnefnd flugslysa á Ítalíu, sem er framleiðsluríki loftfarsins, athuga meðal annars hvort atvikin þrjú séu hliðstæð.

RNSA hefur bent flugrekandanum á að framkvæma ekki æfingar, sem gætu leitt til spuna, á þessari tegund flugvélar þar til frekari niðurstöður liggja fyrir.